

Meðferðar- og skólaheimilið Lækjarbakki á Rangárvöllum

Ársskýrsla 2010-2011

Yngvi Karl Jónsson

forstöðumaður

Inngangur

Í byrjun árs 2010 hóf Barnaverndarstofa undirbúning að opnun nýs meðferðarheimilis. Auglýst var staða forstöðumanns sem síðan var ráðinn í mars til að móta stefnu hins nýja heimilis. Undirbúningurinn fól meðal annars í sér að ráða og þjálfa starfsfólk og standsetja húsnæði fyrir starfseminu. Alls voru 19 einstaklingar ráðnir í 16 stöðugildi og hófu flestir þeirra störf 1. ágúst 2010. Ákveðið var að starfsemin yrði á ríkisjörðinni Geldingalæk á Rangárvöllum. Ráðast þurfti í miklar breytingar á húsnæðinu sér í lagi á því rými sem átti að hýsa skólann. Heimilinu er ætlað að taka á móti unglingum á aldrinum 14-18 ára og geta bæði drengir og stúlkur vistast þar.

Skýrsla þessi tekur til starfsemi Lækjarbakka frá byrjun vistunar 28. ágúst 2010 til loka árs 2011.

Starfsmenn

Yngvi Karl Jónsson var ráðinn forstöðumaður heimilisins frá 15. mars 2010 og Drífa Jónasdóttir var ráðin dagskrárstjóri frá miðjum maí, Bergur Heiðar Birgisson, Baldur Vignir Karlsson, Jón Þór Kvaran, Árni Ólafsson, Hildur Baldvinsdóttir, Guðbjörg Sigurðardóttir og Sigurður Gísli Guðjónsson ráðgjafar, Atli Erlendsson, Sigurður Rúnar Guðjónsson, Ingvar Helgason og Jón Pétur Róbertsson næturverðir, Valgerður Lára Runólfsdóttir matráður, Garðar Már Garðarsson, Ágúst Örlaugur Magnússon, Ævar Sigurðsson og Helgi Þór Helgason tímabundin ráðning og Björk Rúnarsdóttir ræstingar. Þá kom Þórey Ingimundardóttir inn í afleysingar vegna feðraorlofs í október. Frá maí til loka árs 2010 komu til starfa í mislangan tíma Ingi Hlynur Jónsson, Vilhjálmur Sveinsson, Sigurður Svanur Pálsson, Böðvar Stefánsson, Stefán Haukur Guðjónsson, Össur Emil Friðgeirsson, Bergþóra Jósepsdóttir og Björn Bragi Sævarsson. Um áramótin 2011-2012 störfuðu 15 einstaklingar í 14,3 stöðugildum á Lækjarbakka.

Vistanir

Meðferðar- og skólaheimilið Lækjarbakki hefur til loka árs 2011 starfað í 518 daga þar af með skjólstæðinga í 492 daga. Nýtingarhlutfallið var 83,3%. Á þessu tímabili voru vistaðir 16 einstaklingar 13 drengir og 3 stúlkur. Útskriftir voru 11 á tímabilinu. Meðalaldur við útskrift var 15,9 ár og meðalvalartími var 163,45 dagar. Dvalartími einstaklinganna var frá 34 dögum til 310 daga. Tilvísunarástæður vistunar voru í flestum tilfellum áhættuhegðun (neysla vímuefna, sjálfskaði o.fl.), ofbeldi, og skólasókn var ábótavant.

Meðferðarstarfið

Á Lækjarbakka er mikil áhersla lögð á að einstaklingurinn fái að efla sínar jákvæðu hliðar og finni leiðir til að draga úr áhrifum sinna neikvæðu hliða. Dagleg rúttina er mikilvæg og er því dagskrá allan daginn nauðsynleg til að unglिंगarnir geti tekist á við að vakna, borða á matmálstímum og mæta í skóla. ART (Aggression replacement training) er aðferð til að kenna unglिंगum samskipti og voru flestir starfsmenn sem lærðu það og var ART síðan sett í dagskrá heimilisins. Skólinn var stór partur af daglegri rúttinu heimilisins þar sem unglिंगarnir tókust á við sína upplifun af skólakerfinu sem að öllu jöfnu var mjög neikvæð. Flestir unglिंगar höfðu ekki verið í skóla síðasta árið (sum lengur) og áttu ekki margar jákvæðar minningar úr skólanum sínum. Það var því oft erfitt að fá unglिंगana til að sætta sig við að mæta í skólann á hverjum degi og fá þau til að sjá nám í nýju ljósi. Það er okkar trú að um leið og unglिंगur er farinn að horfa jákvætt á nám og menntun þá séu framtíðarhorfur unglingsins betri en ella.

Markmið meðferðarinnar

Grunnmarkmið meðferðarinnar er að einstaklingurinn sætti sig við dvölinna og geti tekið þátt í daglegu starfi heimilisins og öðlist jákvæða reynslu með öðrum. Önnur markmið eru að unglिंगur minnki eða hætti neyslu vímuefna, minnki eða hætti að beita ofbeldi og móti stefnu sína um nám og menntun.

Allir einstaklingar koma inn á Lækjarbakka á 1. þrepi og færast svo á milli þrepa eftir framgangi meðferðar.

Fjölskyldustarf

Samstarf við fjölskyldur unglिंगanna er mikilvægt á meðan þau dvelja á Lækjarbakka. Sá háttur er hafður á að stjórnendur heimilisins eru í mestum tengslum við foreldra og forsjáraðila. Þeir skipuleggja helgarleyfin og gefa foreldrum reglulega yfirlit yfir gengi unglingsins í meðferðinni. Einnig hefur mikill tími starfsmanna Lækjarbakka farið í að undirbúa samráðsfundi. Það er stefna Lækjarbakka að þessi þáttur starfsseminnar eflist á næstu misserum.

Samráðsfundir

Alls voru haldnir 83 fundir á tímabilinu þar sem rædd voru málefni unglिंगanna með foreldrum, starfsmönnum barnaverndarnefnda, starfsmönnum Lækjarbakka ásamt unglिंगnum. Flestir þessara funda voru haldnir á Lækjarbakka en nokkrir í Reykjavík annað hvort á heimili viðkomandi unglings, á Stuðlum eða á skrifstofum viðkomandi barnaverndarnefndar.

Tómstundir/afþreying

Í húsinu eru ágætis afþreyingarmöguleikar s.s. billjard, leikjatölva, sjónvarp, DVD og gömlu góðu spilin. Þá var farið í ferðir t.d. á Sólheimasand, Seljalandsfoss, Paradísarhelli, Syðra Fjallabak, Fljóthlíðina, Drumbabót, og fleiri staði. Einnig voru bíóferðir á Selfoss vinsælar. Farið var í skíðaferð á Akureyri rétt fyrir jólin og var það mikið fjör. Fjallgöngur voru einnig vinsælar og var meðal annars gengið á Fimmvörðuháls og Laugavegurinn farinn. Það verður samt að segjast að sökum þess hve nýtt heimilið var og starfsmenn óreyndir þá hefur ekki verið farið eins mikið í lengri ferðir eins og æskilegt hefði verið.

Skólinn

Samið var við Grunnskólann á Hellu um kennslu unglिंगanna á Lækjarbakka. Kristín Sigfúsdóttir var ráðinn deildarstjóri kennsluúrræðisins á Lækjarbakka og komu Sandra Ósk Jóhannsdóttir, Ólafur Örn Ólafsson og Þórhalla Sigmundsdóttir einnig að kennslu á Lækjarbakka. Kennslan fer fram í húsnæði Lækjarbakka nema íþróttir sem eru kenndar í Þykkvabæ. Unglिंगarnir mæta í skólinn alla daga frá 9:30 – 15:00 og taka þátt í því starfi sem þar er. Þeir einstaklingar sem eru á framhaldsskólastigi hafa sumir verið skráðir í fjarnám við Verkmenntaskólann á Akureyri eða tekið einingar hjá Fjölbrautaskóla Suðurlands.

Lokaorð

Alls hefur heimilið verið starfandi í 492 daga til loka árs 2011. Á þeim tíma innrituðust 16 einstaklingar og 11 einstaklingar útskrifuðust. Í upphafi átti heimilið mjög erfitt uppdráttar og nokkrir starfsmenn hættu eftir veturinn. Ekki hefur vantað áhuga fólks á að starfa við heimilið og því ekki erfitt að manna þær stöður sem losnuðu. Að lokum vill starfsfólk Lækjarbakka þakka öllum samstarfsaðilum sínum fyrir ánægulegar samverustundir og gott samstarf.